696 X

# LAXVEIÐIN 1993

GUÐNI GUÐBERGSSON
FRIÐÞJÓFUR ÁRNASON

mars 1994 VMST-R/94011

**Efnisyfirlit:**

Inngangur.......................................................... 1
Aðferðir............................................................ 1
Laxveiðin 1993... ............................................. 2
Stangveiði................................................ 3
Netaveiði.................................................. 4
Hafbeit..................................................... 4
Umræður.......................................................... 5
Þakkarorð......................................................... 6
Heimildir.......................................................... 7
Myndir og töflur ............................................ 8 - 18

## INNGANGUR

Úrvinnslu veiðiskýrslna fyrir laxveiðina 1993 er nú lokið. Eins og verið hefur sendi Veiðimálastofnun út veiðibækur fyrir veiðitímann og þeim var síðan safnað saman að honum loknum. Í flestum tilfellum bárust bækurnar fljótt en þó var einstaka undantekning sem seinkaði útgáfu heildarsamantektar.

Veiðitími fyrir lax og göngusilung ár hvert er 3 mánuðir á tímabilinu frá 20. maí til 20. september skv. lögum nr:76 frá 1970.

## AÐFERÐIR

Úrvinnsla veiðiskýrslna var með svipuðu sniði og verið hefur undanfarin ár (Guðni Guðbergsson og Einar Hannesson 1987; Guðni Guðbergsson 1988; 1989; 1990; 1991; Guðni Guðbergsson og Friðþjófur Árnason 1992; 1993). Úr hverri veiðibók eru tölvuskráðar upplýsingar um veiðitíma, fisktegund, kyn, þyngd, lengd, veiðarfæri og veiðistaði séu þeir númeraðir til auðveldunar skráningu þeirra.

Heildarfjöldi veiddra laxa er lagður saman ásamt heildar- og meðalþunga veiðinnar. Laxveiðinni er skipt í smálaxa og stórlaxa og er átt við að smálax sé sá laxar sem dvalið hafa eitt ár í sjó en stórlax tvö ár eða lengur. Hér er skiptingin í flestum tilfellum þannig að hængar 8 pund og þyngri eru taldir vera tveggja ár úr sjó, en hrygnur 7 pund og þyngri. Þyngdarbilið sem skipting í smálax og stórlax liggur á getur þó verið breytilegt milli áa og ára. Þyngd laxfiska er jafnan gefin upp í pundum en 1 pund er skilgreint sem 500 grömm.

Í hverjum landshluta fyrir sig er veiðin tekin saman og skipting landshluta sú sama og skipting kjördæma.

Líkt og undanfarið er tekin saman listi valinna áa, yfir tímabilið frá 1974 - 1993. Á því tímabili eru upplýsingar til á tölvutæku formi og einnig að miklu leyti

sambærilegar milli ára. Breytingar í veiði lýsa í grófum dráttum breytingum í laxgengd. Auk heildarveiði er reiknuð minnsta veiði á tímabilinu og mesta veiði.

Upplýsingum um netaveiði er safnað á svipaðan hátt og um stangveiðina nema að þar eru sjaldnast til upplýsingar um einstaka fiska en þess í stað er stuðst við heildarveiðitölur viðkomandi veiðijarða. Á Vesturlandi var upplýsingum safnað af Vesturlandsdeild Veiðimálastofnunar (Sigurður Már Einarsson munnl. uppl.) og á Suðurlandi af Suðurlandsdeild Veiðimálastofnunar (Magnús Jóhannsson munnl. uppl.).

Líkt og verið hefur eru tölur um fjölda laxa sem endurheimtust úr hafbeit teknar með í þessari skýrslu. Samanlagt gefa tölur um endurheimtur úr hafbeit og veiði á náttúrulega framleiddum laxi í íslenskum vatnakerfum hugmynd um fjölda íslenskra laxa í úthafinu. Um endurheimtur í hafbeit er stuðst við skýrslu Stefáns Eiríks Stefánssonar (1994) og um skiptingu milli landshluta eru upplýsingar fengnar frá Stefáni Eiríki Stefánssyni (munnl. uppl.).

## LAXVEIÐIN 1993

Sumarið 1993 veiddust alls 39.025 laxar á stöng, 6.946 laxar veiddust í net í ám, 3.7251 lax í net í sjó og 168.427 laxar endurheimtust úr hafbeit (tafla 1). Alls eru þetta 217.649 laxar. Heildarþungi veiddra laxa og hafbeitarlaxa var 656,5 tonn sem skiptist þannig að 129,2 tonn veiddust á stöng, 21,8 tonn í net í ám, 9,3 tonn í sjó og 496,2 tonn endurheimtust úr hafbeit.

Heildarveiði laxa og fjöldi endurheimtra hafbeitarlaxa á árinu 1993, samanlagt, var sú mesta frá upphafi (tafla 2).

Samanlagður fjöldi stang- og netveiddra laxa er um 6 % minni en meðalveiði áranna 1974 - 1992 (tafla 2). Stangveiðin 1993 er nokkru minni en hún var á árinu 1992 ( tafla 2, mynd 1) en 7 % meiri en meðalveiði áranna 1974 - 1993. Netaveiðin var 36% minni en meðalveiði sömu ára og svipuð og verið hefur undanfarin fimm ár ( tafla 2, mynd 2).

Fjöldi endurheimtra hafbeitarlaxa jókst frá árinu 1992 og var á árinu 1993 sá mesti frá upphafi (mynd 3).

**Stangveiðin**

Heildarstangveiði á Íslandi 1993 var 39.025 laxar og vógu þeir samtals 129,2 tonn. Af landshlutum veiddust flestir laxar á Vesturlandi 13.622 en fæstir á Vestfjörðum 962 (töflur 6 - 12). Að þunga til var veiðin einnig mest á Vesturlandi um 38,9 tonn en næst mest á Norðurlandi vestra um 26,5 tonn.

Flestir laxar veiddust í Norðurá 2.117 en næst flestir í Hofsá 2.028 og í þriðja sæti var Laxá í Aðaldal með 1.983 veidda laxa. Röð 10 efstu laxveiðiánna er sýnd í töflu 3.

Í veiðiskýrslur voru í heild skráðir 32.446 stangveiddir silungar. Samkvæmt veiðiskýrslum veiddust flestir silungar á Norðurlandi eystra (töflur 6-12) og á það bæði við um bleikju og urriða. Alls voru skráðir 14.559 urriðar og 17.887 bleikjur. Af einstökum ám veiddust flestir urriðar á silungasvæði Laxár á Ásum 2.709 (tafla 4) og flestar bleikjur í Eyjafjarðará 3.080 (tafla 5).

Af stangveiddum löxum voru 29.360 (75%) sem verið höfðu eitt ár í sjó en 9.665 (25%) tvö ár eða lengur (tafla 13). Í stangveiði voru 3 smálaxar á móti hverjum einum stórlaxi, í netaveiði voru þeir 4,2 og 7,2 í hafbeit. (tafla 14).

Veiðiálag af völdum stangveiði hefur verið metið í Elliðaánum og verið frá 34 - 47% (Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1993). Líklegt er að stangveiðiálag í íslenskum laxveiðiám sé á bilinu 30 - 80% (Þór Guðjónsson 1986).

Samkvæt hreisturrannsóknum bar á hafbeitarlaxi í stangveiði í ám. Lítið bar á laxi sem sloppið hafði úr kvíum en nokkuð hefur borið á slíku undanfarin ár. Helst það í hendur við umfang kvíaeldis. Veiðin í þeim ám sem eldisfiskur villist

í er nokkru hærri en hún hefði verið ef eingöngu væri um náttúrulega framleiðslu væri að ræða. (Friðjón Már Viðarsson og Sigurður Guðjónsson 1994).

Líkt og gert hefur verið undanfarin ár er gefin veiði valinna áa frá 1974 ásamt reiknuðu meðaltali, minnstu- og mestu veiði tímabilsins (tafla 15).

**Netaveiðin**

Heildarlaxveiði í net í ám á Íslandi 1993 var 6.946 laxar sem vógu um 21,8 tonn. Í net veiddust flestir laxar á Suðurlandi 6.334. Í Ölfusá veiddust 2.343 laxar, 2.016 í Hvítá, 1.927 í Þjórsá og 48 í Skaftá (Magnús Jóhannsson munnl. uppl.). Í Borgarfirði veiddust nú 258 laxar í net á vatnasvæði Hvítár sem er mikil minnkun á veiði frá fyrri árum, en þar er nú þriðja árið í röð, einungis veitt í fá net, (Sigurður Már Einarsson, munnl. uppl.). Netaveiði í ám var einhver í öllum landshlutum nema á Reykjanesi og Vestfjörðum (tafla 1). Í netaveiði í sjó veiddust 3.251 lax sem um vógu 9,3 tonn. Þeir veiddust allir í net við Vesturland en lögleg sjávarveiði er stunduð þar frá fimm jörðum. Laxveiði í sjó var um 32% minni en hún var 1992.

**Hafbeit**

Í hafbeit endurheimtust alls 168.427 laxar sem vógu 496,2 tonn. Flestir laxar endurheimtust í hafbeitarstöðvar á Vesturlandi og á Reykjanesi (tafla 1). Fjöldi endurheimtra laxa í hafbeit 1993 var sá mesti frá upphafi. Árið 1991 var um 5,7 milljón gönguseiðum sleppt til hafbeitar en um 4,6 milljón seiðum 1992, en sú slepping stendur að stórum hluta undir endurheimtum 1993. Á árinu 1993 mun um um 3,6 milljónum seiða hafa verið sleppt til hafbeitar, en þau seiði eiga að skila heimtum 1994 (Stefán Eiríkur Stefánsson 1994).

**UMRÆÐUR**

Nýting laxveiði á Íslandi hefur verið með mjög líku sniði undanfarin ár og segja má að veiðin endurspegli vel laxgengd í árnar. Sumarið 1993 var nokkuð sérstakt hvað varðar veðráttu til veiða. Norðanátt var ríkjandi mestan hluta veiðitímans og fylgdu því kuldar einkum norðanlands og austan, sem höfðu áhrif á aðstæður til veiða. Í ám við suðvestanverðan Faxaflóa þar sem hreisturrannsóknir hafa verið framkvæmdar hefur komið í ljós að hlutdeild laxa sem sloppið hafa úr eldiskvíum er nú nánast engin. Laxar sem villst hafa úr hafbeit, og koma fram í veiði, eru þó enn til staðar. Þessir fiskar hafa líklega aukið fjölda veiddra laxa og meira bar á þeim í veiði seinni hluta veiðitímans.

Netaveiði á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði var nær engin sumarið 1993, þriðja árið í röð, enda einungis fáar lagnir þar notaðar. Netaveiðirétturinn hefur verið leigður af þeim sem stangveiði stunda. Upptaka neta í Hvítá hefur leitt til aukningar í veiði í hliðarám Hvítár. Þrátt fyrir aukna umferð laxa með ströndinni varð nokkur minnkun í veiði í sjávarlagnir. Hlutfallslega lækkar sá fjöldi sem veiðist í net í sjó af heildargöngu laxa að landinu meira en minnkun í veiði í ám á vesturlandi. Þar er vikufriðun, aðstæður til veiða og veiðni neta væntanlega farin að takmarka veiðina.

Sveiflur í veiði eru í álíka takti í flestum ám og nær allar ár í sama landshluta eru með sambærilega sveiflu. Það eru því umhverfisskilyrði sem ráða mestu um veiði og þá ekki síst vorið sem gönguseiðin ganga til sjávar. Kemur þar til bæði fjöldi seiða sem nær gönguþroska og gengur til sjávar og ekki síður afföll þeirra í sjó en talið er að þau séu mest á fyrstu vikum sjávardvalar.

Í samanburði við fyrri ár var nokkur lækkun á hlutfalli stórlaxa í veiðinni miðað við fjölda smálaxa árið á undan og nokkuð líkt því sem var 1987 og 1989.

Heldur færri silungar voru skráðir í veiðinni 1993 en var 1992. Þrátt fyrir bætta skráningu silungsveiði er enn talsvert í land með að öll silungusveiði sé skráð

og er það eitt af þeim framtíðarverkefnum sem þarf að vinnast í samvinnu við veiðimenn og veiðiréttarhafa.

Hér skal ítrekað að ef veiðiréttarhafar skrá númer á veiðistaði fæst skipting veiðinnar eftir veiðistöðum við úrvinnslu hverrar veiðiár, sífellt fleiri hafa tekið upp slíka skráningu.

Þeir sem skráningu veiði annast eru minntir á að skila veiðiskýrslum til úrvinnslu strax að loknum veiðitíma. Veiðibækur þurfa að hafa borist Veiðimálastofnun í síðasta lagi 1. desember.

**ÞAKKARORÐ**

Sigurður Már Einarsson safnaði netaveiðiskýrslum á Vesturlandi og Magnús Jóhannsson á Suðurlandi. Stefán Eiríkur Stefánsson safnaði tölum um hafbeit.

Ofantöldum aðilum kunnum við bestu þakkir. Síðast en ekki síst ber að þakka hinum fjölmörgu veiðiréttareigendum, leigutökum og veiðimönnum sem önnuðust skráningu veiðinnar.

## HEIMILDIR

**Friðjón Már Viðarsson og Sigurður Guðjónsson 1994.** Hlutdeild eldislaxa í ám á sv- horni landsins samkvæmt hreisturlestri 1993. Skýrsla Veiðimálastofnunar VMST-R/94013.

**Guðni Guðbergsson og Einar Hannesson 1987**. Laxveiðin 1986. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/87014.

**Guðni Guðbergsson 1988.** Laxveiðin 1987. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/88026.

**Guðni Guðbergsson 1989.** Laxveiðin 1988. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/89019.

**Guðni Guðbergsson 1990.** Laxveiðin 1989. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/90016.

**Guðni Guðbergsson 1991.** Laxveiðin 1990. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/91017.

**Guðni Guðbergsson og Friðþjófur Árnason 1992.** Laxveiðin 1991. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/92012.

**Guðni Guðbergsson og Friðþjófur Árnason 1993.** Laxveiðin 1992. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/93016.

**Stefán Eiríkur Stefánsson 1994.** Framleiðsla í Íslensku fiskeldi árið 1993. VMST-R/94003.

**Þór Guðjónsson 1986.** Exploitation of Atlantic Salmon in Iceland. Í: Atlantic Salmon: Planning for the future. (ritstj.) Derik Mills og David Piggins.

**Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1993.** Rannsóknir á fiskistofnum vatnasviðs Elliðaánna 1992. Veiðimálastofnun skýrsla, VMST-R/93014X.




Mynd 1. Fjöldi stangveiddra laxa á Íslandi 1974 - 1993.




Mynd 2. Fjöldi netaveiddra laxa á Íslandi 1974 - 1993.




Mynd 3. Fjöldi endurheimtra laxa úr hafbeit á Íslandi 1974 - 1993.

**Tafla 1.** Heildarfjöldi og heildarþyngd (pund) fangaðra laxa á Íslandi 1993, skipt eftir veiðiaðferðum og landshlutum (kjördæmum). (1 pund = 500gr).

| Landshluti | Stangveiði | | Netaveiði | | Hafbeit | | Samtals | | Hlutfall (%) af heild | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Þyngd | Fjöldi | Þyngd | Fjöldi | Þyngd | Fjöldi | Þyngd | Fjölda | Þyngd |
| Reykjanes | 3745 | 18492 | | | 49638 | 310298 | 53383 | 328790 | 24,5 | 25,0 |
| Vesturland | 13622 | 77844 | 3509 | 20703 | 114186 | 655860 | 131317 | 754407 | 60,3 | 57,5 |
| Vestfirðir | 962 | 6617 | | | 62 | 314 | 1024 | 6931 | 0,5 | 0,5 |
| Norðurland vestra | 7180 | 53060 | 111 | 790 | 4441 | 25120 | 11732 | 78970 | 5,4 | 6,0 |
| Norðurland eystra | 5946 | 50008 | 196 | 1546 | | | 6142 | 51554 | 2,8 | 3,9 |
| Austurland | 3881 | 27820 | 47 | 294 | | | 3928 | 28114 | 1,8 | 2,1 |
| Suðurland | 3689 | 24489 | 6334 | 38850 | 100 | 808 | 10123 | 64147 | 4,7 | 4,9 |
| **Samtals:** | **39025** | **258330** | **10197** | **62183** | **168427** | **992400** | **217649** | **1312913** | **100,0** | **100,0** |
| Samtals þyngd í kg: | | 129165 | | 31092 | | 496200 | | 656457 | | |

**Tafla 2.** Heildarfjöldi stang- og netaveiddra laxa, auk framleiðslu hafbeitarstöðva, á Íslandi 1974 - 1993. Reiknaður er hlutfallslegur fjöldi (%) náttúrulegra laxa af heildarfjölda laxa.

| ÁR | Stangveiði | Netaveiði | Stang- og netaveiði samtals | Hafbeit | Heildarfjöldi samtals | Hlutfall náttúrulegra laxa (%) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1974 | 34107 | 18044 | 52151 | 3765 | 55916 | 93,3 |
| 1975 | 45882 | 20402 | 66284 | 7720 | 74004 | 89,6 |
| 1976 | 39249 | 17130 | 56379 | 3247 | 59626 | 94,6 |
| 1977 | 41302 | 20864 | 62166 | 2405 | 64571 | 96,3 |
| 1978 | 52679 | 25946 | 78625 | 1953 | 80578 | 97,6 |
| 1979 | 43955 | 18306 | 62261 | 1967 | 64228 | 96,9 |
| 1980 | 30007 | 18992 | 48999 | 3138 | 52137 | 94,0 |
| 1981 | 27777 | 14478 | 42255 | 4626 | 46881 | 90,1 |
| 1982 | 24671 | 11107 | 35778 | 5340 | 41118 | 87,0 |
| 1983 | 29267 | 17761 | 47028 | 11194 | 58222 | 80,8 |
| 1984 | 23582 | 10912 | 34494 | 6595 | 41089 | 83,9 |
| 1985 | 31621 | 14942 | 46563 | 19750 | 66313 | 70,2 |
| 1986 | 46671 | 20437 | 67108 | 24100 | 91208 | 73,6 |
| 1987 | 33907 | 13960 | 47867 | 14140 | 62007 | 77,2 |
| 1988 | 47979 | 18781 | 66760 | 64017 | 130777 | 51,0 |
| 1989 | 30082 | 11738 | 41820 | 48617 | 90437 | 46,2 |
| 1990 | 29443 | 12339 | 41782 | 90726 | 132508 | 31,5 |
| 1991 | 31492 | 10454 | 41946 | 133203 | 175149 | 23,9 |
| 1992 | 42309 | 12062 | 54371 | 140763 | 195134 | 27,9 |
| 1993 | 39025 | 10197 | 49222 | 168427 | 217649 | 22,6 |
| 1974 - 1993 meðaltal: | **36250** | **15943** | **52193** | **37785** | **89978** | **58,0** |

**Tafla 3.** Tíu aflahæstu laxveiðiárnar 1993.

| Nafn ár. | Fjöldi veiddra laxa |
|---|---|
| 1. Norðurá | 2117 |
| 2. Hofsá og Sunnudalsá | 2028 |
| 3. Laxá í Aðaldal | 1983 |
| 4. Þverá og Kjarrá | 1554 |
| 5. Laxá á Ásum | 1458 |
| 6. Elliðaár | 1390 |
| 7. Víðidalsá og Fitjá | 1342 |
| 8. Laxá í Kjós og Bugða | 1266 |
| 9. Grímsá og Tunguá | 1228 |
| 10. Selá í Vopnafirði | 1092 |

**Tafla 4.** Fimm aflahæstu urriðaveiðisvæðin 1993.

| Nafn ár | Fjöldi veiddra urriða |
|---|---|
| 1. Fremri Laxá á Ásum | 2709 |
| 2. Laxá í Aðaldal ofan Brúa. | 2524 |
| 3. Grenlækur | 2338 |
| 4. Laxá í Aðaldal neðan Brúa | 1307 |
| 5. Litlaá | 730 |

**Tafla 5.** Fimm aflahæstu bleikjuveiðiárnar 1993.

| Nafn ár | Fjöldi veiddra bleikja |
|---|---|
| 1. Eyjafjarðará | 3080 |
| 2. Hörgá | 1783 |
| 3. Vatnsdalsá | 1427 |
| 4. Fljótaá | 1242 |
| 5. Flókadalsá | 1040 |

**Tafla 6.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga á Reykjanesi (Reykjaneskjördæmi) 1993. (Þyngd er í pundum, 1 pund = 500 gr).

| Nafn ár | Heildarlaxveiði | | | | Smálax | | Stórlax | | Silungsveiði | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi laxa | Þyngd laxa | Heildar meðalþ. | Smálax/ stórlax | Fjöldi smálaxa | Meðalþ. smálaxa | Fjöldi stórlaxa | Meðalþ. stórlaxa | Fjöldi urriða | Fjöldi bleikja |
| Elliðaár | 1390 | 6373 | 4,6 | 29,2 | 1344 | 4,4 | 46 | 9,2 | 0 | 0 |
| Úlfarsá (Korpa) | 457 | 2097 | 4,6 | 64,3 | 450 | 4,5 | 7 | 11,6 | 0 | 3 |
| Leirvogsá | 428 | 1823 | 4,3 | 19,4 | 407 | 3,9 | 21 | 10,8 | 14 | 1 |
| Kiðafellsá | 25 | 145 | 5,8 | 5,3 | 21 | 3,7 | 4 | 16,3 | 1 | 0 |
| Laxá í Kjós | 1103 | 6141 | 5,6 | 7,6 | 975 | 5,0 | 128 | 9,5 | 18 | 0 |
| Bugða | 163 | 909 | 5,6 | 7,6 | 144 | 5,1 | 19 | 9,4 | 8 | 0 |
| Brynjudalsá | 118 | 688 | 5,8 | 5,9 | 101 | 5,1 | 17 | 9,9 | 1 | 1 |
| Botnsá | 61 | 316 | 5,2 | 19,3 | 58 | 5,0 | 3 | 8,0 | 7 | 2 |
| Reykjanes samtals: | 3745 | 18492 | 4,9 | 14,3 | 3500 | | 245 | | 49 | 7 |

**Tafla 7.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga á Vesturlandi 1993. (þyngd er í pundum, 1 pund = 500 gr).

| Nafn ár | Heildarlaxveiði | | | | Smálax | | Stórlax | | Silungsveiði | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi laxa | Þyngd laxa | Heildar meðalþ. | Smálax/ stórlax | Fjöldi smálaxa | Meðalþ. smálaxa | Fjöldi stórlaxa | Meðalþ. stórlaxa | Fjöldi urriða | Fjöldi bleikja |
| Selós og Þverá | 54 | 323 | 6,0 | 2,4 | 38 | 5,0 | 16 | 8,3 | 35 | 5 |
| Laxá í Leirársveit | 747 | 3993 | 5,3 | 8,7 | 670 | 4,9 | 77 | 9,7 | 180 | 18 |
| Hvítá í Borgarfirði | 622 | 3583 | 5,8 | 7,3 | 547 | 5,0 | 75 | 11,0 | 155 | 106 |
| Andakílsá | 109 | 581 | 5,3 | 6,8 | 95 | 4,8 | 14 | 8,9 | 1 | 0 |
| Grímsá og Tunguá | 1228 | 6518 | 5,3 | 7,0 | 1074 | 4,6 | 154 | 9,9 | 108 | 3 |
| Flókadalsá | 387 | 1780 | 4,6 | 42,0 | 378 | 4,5 | 9 | 9,3 | 13 | 0 |
| Reykjadalsá | 40 | 202 | 5,1 | 12,3 | 37 | 4,8 | 3 | 8,0 | 18 | 13 |
| Norðlingafljót | 920 | 6780 | 7,4 | 3,7 | 724 | 5,8 | 196 | 13,2 | 6 | 4 |
| Þverá og Kjarrá | 1554 | 9585 | 6,2 | 5,3 | 1306 | 5,2 | 248 | 11,5 | 98 | 35 |
| Norðurá | 2117 | 10815 | 5,1 | 7,5 | 1868 | 4,5 | 249 | 9,4 | 17 | 14 |
| Gljúfurá | 192 | 849 | 4,4 | 20,3 | 183 | 4,2 | 9 | 9,4 | 28 | 1 |
| Langá | 777 | 4083 | 5,3 | 11,3 | 714 | 4,8 | 63 | 10,4 | 9 | 25 |
| Urriðaá | 54 | 262 | 4,9 | 53,0 | 53 | 4,8 | 1 | 10,0 | 18 | 0 |
| Álftá | 238 | 1405 | 5,9 | 6,4 | 206 | 5,2 | 32 | 10,4 | 156 | 10 |
| Álftá, Veita | 4 | 18 | 4,5 | 0,0 | 4 | 4,5 | 0 | 0,0 | 3 | 1 |
| Hítará og Grjótá | 279 | 1624 | 5,8 | 9,3 | 252 | 5,3 | 27 | 10,5 | 39 | 184 |
| Haffjarðará | 617 | 3886 | 6,3 | 5,6 | 523 | 5,4 | 94 | 11,1 | 6 | 17 |
| Núpá í Eyjahreppi | 243 | 1576 | 6,5 | 3,2 | 185 | 5,5 | 58 | 9,5 | 31 | 87 |
| Laxá í Miklaholtshreppi | 24 | 132 | 5,5 | 3,0 | 18 | 4,2 | 6 | 9,3 | 33 | 69 |
| Straumfjarðará | 260 | 1443 | 5,6 | 4,9 | 216 | 4,9 | 44 | 8,8 | 0 | 0 |
| Lýsa | 105 | 647 | 6,2 | 3,0 | 79 | 5,2 | 26 | 9,0 | 14 | 3 |
| Fróðá | 105 | 627 | 6,0 | 3,6 | 82 | 5,0 | 23 | 9,3 | 1 | 133 |
| Setbergsá | 76 | 376 | 4,9 | 6,6 | 66 | 4,4 | 10 | 8,6 | 4 | 0 |
| Laxá á Skógarströnd | 68 | 381 | 5,6 | 8,7 | 61 | 5,1 | 7 | 10,0 | 0 | 1 |
| Dunká | 103 | 544 | 5,3 | 8,4 | 92 | 4,6 | 11 | 10,7 | 1 | 1 |
| Hörðudalsá * | | | | | | | | | | |
| Skrauma á Skógarströnd | 10 | 47 | 4,7 | 9,0 | 9 | 4,1 | 1 | 10,0 | 0 | 0 |
| Miðá og Tunguá | 112 | 703 | 6,3 | 3,3 | 86 | 5,0 | 26 | 10,5 | 0 | 530 |
| Haukadalsá neðri | 632 | 3670 | 5,8 | 3,2 | 481 | 4,5 | 151 | 10,0 | 0 | 57 |
| Haukadalsá efri | 15 | 106 | 7,1 | 2,0 | 10 | 5,4 | 5 | 9,8 | 1 | 267 |
| Laxá í Dölum | 929 | 5904 | 6,4 | 3,6 | 729 | 5,2 | 200 | 10,5 | 3 | 16 |
| Fáskrúð | 212 | 1148 | 5,4 | 6,9 | 185 | 4,7 | 27 | 10,6 | 0 | 5 |
| Glerá | 39 | 257 | 6,6 | 2,5 | 28 | 4,7 | 11 | 11,5 | 2 | 5 |
| Laxá í Hvammssveit | 59 | 387 | 6,6 | 2,5 | 42 | 4,5 | 17 | 11,5 | 7 | 6 |
| Flekkudalsá | 247 | 1105 | 4,5 | 14,4 | 231 | 4,1 | 16 | 9,7 | 13 | 19 |
| Krossá | 114 | 592 | 5,2 | 5,3 | 96 | 4,3 | 18 | 9,8 | 9 | 12 |
| Búðardalsá | 56 | 345 | 6,2 | 2,3 | 39 | 4,6 | 17 | 9,8 | 1 | 3 |
| Hvolsá | 122 | 675 | 5,5 | 5,4 | 103 | 5,0 | 19 | 8,7 | 1 | 28 |
| Staðarhólsá | 152 | 892 | 5,9 | 6,2 | 131 | 5,2 | 21 | 9,8 | 0 | 588 |
| **Vesturland samtals:** | 13622 | 77844 | 5,7 | 5,9 | 11641 | | 1981 | | 1011 | 2266 |

* *Skýrsla barst ekki*

**Tafla 8.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Vestfjörðum 1993. (þyngd er í pundum, 1 pund = 500gr).

| Nafn ár | Heildarlaxveiði | | | | Smálax | | Stórlax | | Silungsveiði | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi laxa | Þyngd laxa | Heildar meðalþ. | Smálax/ stórlax | Fjöldi smálax | Meðalþ. smálax | Fjöldi stórlax | Meðalþ. stórlax | Fjöldi urriða | Fjöldi bleikja |
| Fjarðarhornsá | 12 | 75 | 6,3 | 2,0 | 8 | 5,3 | 4 | 8,0 | 0 | 73 |
| Mórudalsá * | | | | | | | | | | |
| Suðurfossá | 31 | 165 | 5,3 | 9,3 | 28 | 4,7 | 3 | 11,3 | 0 | 0 |
| Botnslón | 0 | 0 | 0,0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0 |
| Svínafossá * | | | | | | | | | | |
| Hvannadalsá | 51 | 365 | 7,2 | 1,4 | 30 | 5,3 | 21 | 9,7 | 0 | 5 |
| Langadalsá | 241 | 1746 | 7,2 | 1,5 | 145 | 4,9 | 96 | 10,8 | 0 | 49 |
| Laugardalsá | 265 | 1675 | 6,3 | 4,1 | 213 | 5,0 | 52 | 11,5 | 5 | 0 |
| Ísafjarðará | 12 | 71 | 5,9 | 5,0 | 10 | 5,0 | 2 | 10,5 | 0 | 2 |
| Selá í Skjaldfannardal | 8 | 48 | 6,0 | 0,0 | 8 | 6,0 | 0 | 0,0 | 0 | 15 |
| Bjarnarfjarðará | 0 | 0 | 0,0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 155 |
| Selá í Steingrímsfirði | 8 | 72 | 9,0 | 1,0 | 4 | 6,3 | 4 | 11,7 | 0 | 77 |
| Staðará í Steingrímsfirði | 43 | 330 | 7,7 | 1,4 | 25 | 5,4 | 18 | 10,8 | 0 | 254 |
| Hrófá | 64 | 571 | 8,9 | 0,4 | 17 | 4,4 | 47 | 10,6 | 2 | 51 |
| Prestbakkaá | 45 | 309 | 6,9 | 2,5 | 32 | 5,0 | 13 | 11,3 | 0 | 0 |
| Krossá | 65 | 474 | 7,3 | 1,5 | 39 | 4,8 | 26 | 10,9 | 0 | 0 |
| Víkurá | 70 | 432 | 6,2 | 3,4 | 54 | 4,8 | 16 | 10,9 | 1 | 20 |
| Laxá í Hrútafirði | 47 | 284 | 6,0 | 2,4 | 33 | 4,1 | 14 | 10,6 | 0 | 1 |
| Vestfirðir samtals: | 962 | 6617 | 6,9 | 2,0 | 646 | | 316 | | 8 | 702 |

* *skýrsla barst ekki.*

**Tafla 9.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Norðurlandi vestra 1993. (þyngd er í pundum, 1 pund = 500gr).

| Nafn ár | Heildarlaxveiði | | | | Smálax | | Stórlax | | Silungsveiði | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi laxa | Þyngd laxa | Heildar meðalþ. | Smálax/ stórlax | Fjöldi smálax | Meðalþ. smálax | Fjöldi stórlax | Meðalþ. stórlax | Fjöldi urriða | Fjöldi bleikja |
| Hrútafjarðará og Síká | 411 | 2836 | 6,9 | 3,1 | 310 | 5,3 | 101 | 11,7 | 0 | 135 |
| Tjarnará | 40 | 220 | 5,5 | 5,7 | 34 | 4,5 | 6 | 11,0 | 0 | 31 |
| Miðfjarðará | 1023 | 7037 | 6,9 | 2,9 | 761 | 5,3 | 262 | 11,4 | 10 | 97 |
| Víðidalsá og Fitjá | 1342 | 12007 | 8,9 | 1,0 | 656 | 5,1 | 686 | 12,6 | 23 | 676 |
| Vatnsdalsá | 853 | 6940 | 8,1 | 1,8 | 548 | 5,3 | 305 | 13,1 | 335 | 1427 |
| Gljúfurá | 67 | 524 | 7,8 | 2,5 | 48 | 5,6 | 19 | 13,3 | 7 | 1 |
| Giljá | 41 | 273 | 6,7 | 4,1 | 33 | 5,1 | 8 | 13,1 | 2 | 0 |
| Laxá á Ásum | 1458 | 8829 | 6,1 | 7,6 | 1288 | 5,4 | 170 | 11,1 | 20 | 1 |
| Fremri Laxá á Ásum | 55 | 289 | 5,3 | 10,0 | 50 | 5,0 | 5 | 8,2 | 2709 | 6 |
| Blanda | 404 | 3183 | 7,9 | 1,2 | 222 | 4,8 | 182 | 11,6 | 72 | 54 |
| Svartá | 495 | 3153 | 6,4 | 2,6 | 357 | 4,6 | 138 | 10,9 | 76 | 159 |
| Laxá á Refasveit | 227 | 1785 | 7,9 | 1,2 | 126 | 4,8 | 101 | 11,7 | 3 | 3 |
| Hallá | 53 | 308 | 5,8 | 3,8 | 42 | 4,8 | 11 | 9,5 | 13 | 54 |
| Laxá í Nesjum * | | | | | | | | | | |
| Fossá í Skefilst.hr. | 25 | 213 | 8,5 | 1,8 | 16 | 5,3 | 9 | 14,2 | 1 | 0 |
| Laxá í Skefilstaðahreppi | 106 | 750 | 7,1 | 1,8 | 68 | 4,9 | 38 | 10,9 | 2 | 32 |
| Húseyjarkvísl | 160 | 1257 | 7,9 | 1,2 | 86 | 5,0 | 74 | 11,2 | 369 | 32 |
| Norðurá í Skagafirði | 26 | 161 | 6,2 | 2,7 | 19 | 4,4 | 7 | 10,9 | 0 | 41 |
| Hrollleifsdalsá | 55 | 432 | 7,9 | 2,2 | 38 | 5,1 | 17 | 14,1 | 59 | 381 |
| Flókadalsá | 136 | 1155 | 8,5 | 1,3 | 77 | 5,2 | 59 | 12,7 | 54 | 1040 |
| Fljótaá | 203 | 1708 | 8,4 | 1,3 | 116 | 5,4 | 87 | 12,4 | 0 | 1242 |
| **Norðurland vestra samtals:** | **7180** | **53060** | 7,4 | 2,1 | 4895 | | 2285 | | 3755 | 5412 |

* *Skýrsla barst ekki.*

Tafla 10. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga á Norðurlandi eystra 1993. (þyngd er í pundum, 1pund = 500 gr).

| Nafn ár | Heildarlaxveiði | | | | Smálax | | Stórlax | | Silungsveiði | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi laxa | Þyngd laxa | Heildar meðalþ. | Smálax/ stórlax | Fjöldi smálax | Meðalþ. smálax | Fjöldi stórlax | Meðalþ. stórlax | Fjöldi urriða | Fjöldi bleikja |
| Ólafsfjarðará * | | | | | | | | | | |
| Svarfaðardalsá | 3 | 29 | 9,7 | 0,5 | 1 | 5,0 | 2 | 12,0 | 23 | 668 |
| Þorvaldsdalsá * | | | | | | | | | | |
| Hörgá | 5 | 45 | 9,0 | 0,7 | 2 | 5,8 | 3 | 11,2 | 24 | 1783 |
| Eyjafjarðará | 33 | 280 | 8,5 | 1,1 | 17 | 5,8 | 16 | 11,0 | 100 | 3080 |
| Fnjóská | 411 | 4061 | 9,9 | 0,3 | 105 | 5,0 | 306 | 11,6 | 12 | 251 |
| Djúpá | 14 | 90 | 6,4 | 3,7 | 11 | 4,9 | 3 | 12,0 | 1 | 0 |
| Skjálfandafljót | 767 | 6620 | 8,6 | 0,9 | 356 | 4,7 | 411 | 12,0 | 44 | 173 |
| Laxá í Aðaldal | 1983 | 17939 | 9,0 | 1,1 | 1020 | 5,4 | 963 | 12,9 | 1307 | 114 |
| Laxá í Laxárdal | 0 | 0 | 0,0 | | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 508 | 4 |
| Laxá í Mývatnssveit | 0 | 0 | 0,0 | | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1808 | 1 |
| Laxá í Mývatnssv. Haganes | 0 | 0 | 0,0 | | 0 | | 0 | | 208 | 17 |
| Reykjadalsá | 249 | 1518 | 6,1 | 2,6 | 180 | 4,8 | 69 | 9,6 | 1 | 0 |
| Mýrarkvísl | 266 | 1876 | 7,1 | 1,9 | 174 | 4,9 | 92 | 11,1 | 0 | 0 |
| Litluárvötn | 72 | 444 | 6,2 | 2,3 | 50 | 4,7 | 22 | 9,4 | 730 | 259 |
| Skjálftavatn * | | | | | | | | | | |
| Brunná | 0 | 0 | 0,0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 44 | 106 |
| Deildará | 391 | 2637 | 6,7 | 2,7 | 284 | 5,4 | 107 | 10,3 | 84 | 25 |
| Ormarsá | 366 | 3148 | 8,6 | 0,8 | 157 | 4,8 | 209 | 11,4 | 15 | 131 |
| Svalbarðsá | 384 | 3400 | 8,9 | 1,1 | 201 | 5,4 | 183 | 12,7 | 7 | 13 |
| Sandá | 434 | 3493 | 8,0 | 1,5 | 262 | 5,3 | 172 | 12,3 | 0 | 1 |
| Hafralónsá | 402 | 3066 | 7,6 | 1,7 | 252 | 5,1 | 150 | 11,9 | 3 | 62 |
| Kverká | 36 | 307 | 8,5 | 0,8 | 16 | 5,3 | 20 | 11,1 | 0 | 4 |
| Hölkná | 130 | 1055 | 8,1 | 1,2 | 72 | 5,2 | 58 | 11,7 | 0 | 6 |
| **Norðurland eystra samtals:** | **5946** | **50008** | **8,4** | **1,1** | **3160** | | **2786** | | **4919** | **6698** |

* *Skýrsla barst ekki.*

Tafla 11. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Ausurlandi 1993. (þyngd er í pundum, 1 pund = 500gr).

| Nafn ár | Heildarlaxveiði | | | | Smálax | | Stórlax | | Silungsveiði | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi laxa | Þyngd laxa | Heildar meðalþ. | Smálax/ stórlax | Fjöldi smálax | Meðalþ. smálax | Fjöldi stórlax | Meðalþ. stórlax | Fjöldi urriða | Fjöldi bleikja |
| Miðfjarðá og Kverká | 172 | 1201 | 7,0 | 1,5 | 104 | 4,6 | 68 | 10,7 | 3 | 0 |
| Selá í Vopnafirði | 1092 | 7716 | 7,1 | 2,0 | 730 | 4,8 | 362 | 11,7 | 4 | 51 |
| Vesturdalsá | 321 | 1826 | 5,7 | 2,8 | 236 | 4,1 | 85 | 10,0 | 0 | 321 |
| Hofsá og Sunnudalsá | 2028 | 15357 | 7,6 | 1,4 | 1187 | 4,5 | 841 | 11,9 | 54 | 268 |
| Gilsá og Selfljót | 98 | 574 | 5,9 | 5,1 | 82 | 4,9 | 16 | 10,8 | 39 | 242 |
| Fjarðará, Seyðisfirði. | 23 | 167 | 7,3 | 1,9 | 15 | 5,7 | 8 | 10,2 | 5 | 54 |
| Fjarðará, Loðmundarfirði | 17 | 140 | 8,2 | 1,1 | 9 | 5,9 | 8 | 10,7 | 0 | 40 |
| Breiðdalsá | 130 | 839 | 6,5 | 3,5 | 101 | 5,3 | 29 | 10,5 | 117 | 410 |
| **Austurland samtals:** | **3881** | **27820** | **7,2** | **1,7** | **2464** | | **1417** | | **222** | **1386** |

**Tafla 12.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Suðurlandi 1993. (þyngd er í pundum, 1 pund = 500gr).

| Nafn ár | Heildarlaxveiði | | | | Smálax | | Stórlax | | Silungsveiði | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi laxa | Þyngd laxa | Heildar meðalþ. | Smálax/ stórlax | Fjöldi smálax | Meðalþ. smálax | Fjöldi stórlax | Meðalþ. stórlax | Fjöldi urriða | Fjöldi bleikja |
| Geirlandsá | 27 | 162 | 6,0 | 2,9 | 20 | 5,0 | 7 | 8,7 | 108 | 40 |
| Skaftá Vatnamót | 1 | 4 | 4,0 | | 1 | 4,0 | 0 | 0,0 | 320 | 19 |
| Skaftá Mávab.Veiðiós | 1 | 5,5 | 5,5 | | 1 | 5,5 | 0 | 0,0 | 144 | 0 |
| Holtsá | 0 | 0 | 0,0 | | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 2 | 22 |
| Grenlækur | 8 | 41 | 5,1 | 1,0 | 4 | 3,9 | 4 | 7,5 | 2338 | 288 |
| Eldvatn í Meðallandi | 18 | 99 | 5,5 | 8,0 | 16 | 5,1 | 2 | 8,5 | 112 | 19 |
| Tungufljót | 63 | 363 | 5,8 | 8,0 | 56 | 5,3 | 7 | 9,4 | 249 | 43 |
| Kerlingadalsá og Vatnsá | 130 | 690 | 5,3 | 6,2 | 112 | 4,7 | 18 | 8,8 | 143 | 11 |
| Heiðarvatn | 0 | 0 | | | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 284 | 159 |
| Rangár og Fiská | 1041 | 6217 | 6,0 | 13,9 | 971 | 5,6 | 70 | 11,2 | 359 | 90 |
| Kálfá | 14 | 101 | 7,2 | 1,8 | 9 | 4,4 | 5 | 11,6 | 17 | 3 |
| Ölfusá | 515 | 3185 | 6,2 | 6,8 | 449 | 5,3 | 66 | 12,0 | 58 | 10 |
| Hvítá | 938 | 7162 | 7,6 | 2,9 | 696 | 5,7 | 242 | 13,3 | 124 | 13 |
| Hagaós og Brúará | 58 | 423 | 7,3 | 1,9 | 38 | 5,4 | 20 | 10,9 | 8 | 147 |
| Brúará, Spóastaðir | 22 | 170 | 7,7 | 1,2 | 12 | 5,7 | 10 | 10,0 | 10 | 247 |
| Brúará, Miklaholt | | | | | | | | | | 48 |
| Stóra Laxá | 384 | 3111 | 8,1 | 1,8 | 246 | 5,5 | 138 | 12,7 | 12 | 35 |
| Sogið | 429 | 2548 | 5,9 | 9,2 | 387 | 5,2 | 42 | 12,6 | 6 | 130 |
| Ásgarðslækur | 17 | 76 | 4,5 | | 17 | 4,4 | 0 | 0,0 | 0 | 0 |
| Veiðifélag flóamanna | 23 | 131 | 5,7 | 4,8 | 19 | 4,8 | 4 | 9,6 | 301 | 92 |
| Hlíðarvatn * | | | | | | | | | | |
| **Suðurland samtals:** | **3689** | **24489** | **6,6** | | **3054** | | **635** | | **4595** | **1416** |

* *Skýrsla barst ekki.*

**Tafla 13.** Skipting stangveiddra laxa 1993, eftir sjávaraldri og landshlutum.

| Landshluti | Smálax Fjöldi | Stórlax Fjöldi | Hlutfall Smálax/stórlax |
|---|---|---|---|
| Reykjanes | 3500 | 245 | 14,3 |
| Vesturland | 11641 | 1981 | 5,9 |
| Vestfirðir | 646 | 316 | 2,0 |
| Norðurland vestra | 4895 | 2285 | 2,1 |
| Norðurland eystra | 3160 | 2786 | 1,1 |
| Austurland | 2464 | 1417 | 1,7 |
| Suðurland | 3054 | 635 | 4,8 |
| Samtals: | **29360** | **9665** | 3,0 |

**Tafla 14.** Skipting laxveiði á Íslandi 1993 í smálax og stórlax.

| Veiði aðferð | Smálax Fjöldi | Stórlax Fjöldi | Hlutfall Smálax/stórlax |
|---|---|---|---|
| Stangveiði | 29360 | 9665 | 3,0 |
| Netaveiði | 8251 | 1946 | 4,2 |
| Hafbeit | 147850 | 20577 | 7,2 |
| **Samtals:** | 185461 | 32188 | 5,8 |

